



Fréttabréf AkureyrarAkademíunnar – apríl 2026

Kæru viðtakendur!

Hér er greint frá helstu tíðindum í starfinu frá því að síðasta fréttabréf var sent út í febrúar sl. Góðar stundir!

Ársfundur

Ársfundur AkAk 2026 verður haldinn 21. maí nk. í húsnæði AkAk, Sunnuhlíð 12. Á dagskrá eru aðalfundarstörf samkvæmt 12. gr. [skipulagsskrár](#) AkAk.

Viðburðir

Fyrsti fyrirlesturinn á þessu ári fyrir íbúa hjúkrunarheimilanna og aðra bæjarbúa fór fram þann 17. apríl sl. en þá fjallaði Benedikt Sigurðarson um [Laxárdeiluna](#) sem stóð yfir á árunum 1968 til 1974. Deilan snerist um ágreining um stórkaralegar virkjunarhugmyndir í Laxá í Þingeyjarsýslu með Suðurárveitu/Skjálfandafljótsveitu og tilheyrandi miðlunarlónum og allt að 60m hárrí stíflu neðst í Laxárdal. Laxárdeilan var kveðin niður eftir að Þingeyingar sprengdu stífluna í Miðkvísl í ágúst 1970 og sett voru sérlög um „verndun Laxár og Mývatns“ árið 1974. Næsti viðburður fer fram um miðjan maí og því næst í september og október. Menningarsjóður Akureyrarbæjar styrkir viðburðina.

AkAk og Auðlindadeild Háskólans á Akureyri efna til [málþings](#) um náttúru og auðlindanýtingu á Norðurlandi fimmtudaginn 30. apríl nk., í HA, stofu M102, kl. 12:00 – 14:00. Haldnar verða fimm framsögur um þema málþingsins og pallborðsumræður fara fram. Hægt verður að fylgjast með málþinginu í streymi.

Innanhúsfólk

Í byrjun apríl birtist grein á vef Hafrannsóknastofnunar: [Vistfræðirannsóknir á ljósátu í Steingrímsfirði: Lífssaga og stofnstærð árin 2021-2023](#). Greinin fjallar um rannsókn á dýrasvifi í Steingrímsfirði á Ströndum, með áherslu á vistfræði og magn ljósátu. Höfundar eru Ástþór Gíslason, Páll Reynisson og Jón Örn Pálsson og er sá síðastnefndi með aðsetur hjá AkAk.

Nýlega voru veittir styrkir úr Styrktarsjóði Áslaugar Hafliðadóttur til verkefna sem miða að því að efla íslenska tungu á tímum hraðra tæknibreytinga. Meðal styrkþega eru Þorgerður Anna Björnsdóttir, verkefnastjóri við Konfúsíusarstofnunina Norðurljós við HÍ, og með aðsetur hjá AkAk, Birna Arnbjörnsdóttir, prófessor emerita í annarsmálsfræðum við Mála- og menningardeild HÍ, og Halldóra Jóhanna Þorláksdóttir, rannsakandi við Málvísindastofnun HÍ. Hlutu þær styrk til vinnslu bóka númer þrjú og fjögur í bókaröðinni *Vinir Ara* sem eru verkefnabækur í íslensku og sjálfstætt ítarefni við kennsluvefinn [Icelandic Online – Börn](#). Bækurnar eru ætlaðar 5-7 ára nemendum sem stuðningur við nám í íslensku sem öðru máli með áherslu á lestrar- og skriftarþjálfun. Með bókunum og kennsluvefnum er skapað heildstætt námsefni þar sem bækur og vefur vinna saman.

AkureyrarAkademían, Sunnuhlíð 12, 603 Akureyri, sími 833-9861, veffang <https://www.akak.is/>
Ábyrgðarmaður fréttabréfsins Aðalheiður Steingrímsdóttir, netfang akak@akak.is